

Mánudaginn 27. febrúar 1939.

Nr. 125/1938. **Magnús Jónsson**

gegn

Bifreiðaeinkasölu ríkisins

Dómur hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Magnús Jónsson, er eigi mætir í málinu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir að nýju.

Föstudaginn 3. marz 1939.

Nr. 118/1938. **Valdstjórnin** (Stefán Jóh. Stefánsson)

gegn

Halldóri Einarssyni

(Sveinbjörn Jónsson).

Ölvun við bifreiðarakstur.

Dómur hæstaréttar.

Með skirskotun til forsendna héraðsdómsins ber að staðfesta hann, þó svo, að greiðslufrestur sektarinnar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Kærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 50 krónur til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó svo, að greiðslufrestur sektarinnar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Kærði, Halldór Einarsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Stefáns Jóhanns Stefánssonar og Sveinbjarnar Jónssonar, 50 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur löggluréttar Reykjavíkur 21. okt. 1938.

Ár 1938 föstudaginn þann 21. október var í lögglurétti Reykjavíkur, sem haldinn var á lögglustöðinni af Valdimar Stefánssyni, fulltrúa lögglustjóra, uppkveðinn dómur í málinu nr. 1938/1938: Valdstjórnin gegn Halldóri Einarssyni, sem tekið var undir dóm þann 20. sama mánaðar.

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Halldóri Einarssyni, bifreiðarviðgerðarmanni, til heimilis í Garðastræti 19 hér í bæ, fyrir brot gegn áfengislögum nr. 33 9. janúar 1935, lögum nr. 70 8. september 1931 um notkun bifreiða og lögglusamþykkt Reykjavíkur nr. 2 1930.

Kærður er kominn yfir lögaldur sakamanna og hefir svo kunnugt sé sætt eftirtöldum kærnum og refsingum:

- 1926 $2\frac{5}{8}$ Sætt 15 kr. sekt fyrir brot á bifreiðalögum.
 1926 $1\frac{1}{2}$ Sætt 50 kr. sekt fyrir brot á bifreiðalögum.
 1928 $1\frac{1}{2}$ Dómur í hæstarétti eftir 200. gr. hegningarlaga frá 1869, 6., 7. og 8. gr. laga nr. 56 frá 15. júní 1926 og 49. gr. og 51. gr. lögglusamþykktar Reykjavíkur, í 2ja mánaða einfalt fangelsi og sviptur leyfi til að stýra bifreið í eitt ár.
 1929 $1\frac{1}{10}$ Sætt 400 kr. sekt fyrir ólöglega áfengissölu.
 1930 $1\frac{5}{8}$ Áminning fyrir lögglubrot.
 1931 $1\frac{1}{2}$ Sætt 25 kr. sekt fyrir brot á bifreiðalögum, er leiddi til bifreiðaárekesturs.
 1931 $1\frac{1}{8}$ Áminning fyrir brot á samþykkt um bifreiðastæði.
 1935 $\frac{1}{1}$ Dómur löggluréttar Reykjavíkur: 100 króna sekt og sviptur ökuskirteini í 3 mánuði fyrir brot gegn bifreiðalögum og áfengislögum.

Málavextir eru þeir, er nú skal greina:

Mánudaginn þann 10. þ. m. kl. 18.30 var Pétur Kristinsson, lögregluþjónn, á verði við vestanverða höfnina. Sá hann þá, að bifreiðinni R. 943 var ekið ljóslaust vestan Tryggvagötu. Gaf hann bifreiðinni stöðvunarmerki, en því var ekki sinnt. Kallaði hann þá til bifreiðarstjórans, en bifreiðin var ekki stöðvuð að heldur. Veitti lögregluþjónninn bifreiðinni þá eftirför, þar til hún nam staðar í Grófinni við bifreiðarstöðina „Örin“. Kom þá í ljós, að kærður hafði ekið bifreiðinni, en við hlið hans sat hinn venjulegi bifreiðarstjóri á bifreið þessari, Guðmundur Ingimar Ólafsson, og í aftursæti sat gamall maður, Stefán Jónsson í Einbúa, hér við bæinn. Lögregluþjónninn kveðst strax hafa séð á kærðum og heyrt á mæli hans, að hann var undir áhrifum áfengis og færði hann því á lögreglustöðina, en þaðan var farið með hann á Landspítalann og úr honum tekið blóðsýnishorn, en síðan var farið með hann heim til hans.

Kærður hefir kannazt við, að hafa ekið nefndri bifreið í þetta skipti skamman veg við höfnina og að bifreiðin hafi verið ljóslaus, en hefir neitað því eindregið, að hafa orðið stöðvunarmerkis lögregluþjónsins var, og hafa þeir, er í bifreiðinni voru með honum, borið, að þeir hafi heldur ekki orðið þess varir. Kærður kveðst hafa verið mjög ölvaður daginn áður en þetta gerðist, hafa verið veikur sökum áfengisnautnar nóttina á milli og ákaflega timbraður daginn, sem atvikið gerðist. Rúmum hálfum klukkutíma áður en hann ók bifreiðinni, kveðst hann hafa drukkið tvo sopa af brennivíni til þess að reyna að vinna bug á timburmönnunum, og hafi þeir skánað við það. Annað áfengi hefir hann neitað að hafa drukkið þennan dag. Frásögn lögreglunnar um, að kærður hafi viðurkennt á lögreglustöðinni, þegar hann var færður þangað, að hann hefði kl. 18 þá um daginn drukkið háflösku af brennivíni við annan mann, verður eigi talin sönnuð gegn eindregnum mótmælum kærðs. Hefir kærður eindregið neitað að hafa fundið á sér áhrif áfengis við akstur þennan.

Menn þeir, er í bifreiðinni voru með kærðum, hafa borið, að þeir hafi ekki séð áfengisáhrif á kærðum. Þó kveður Guðmundur Ingimar sér hafa virzt útlit kærðs, eftir að hann kom inn, þar sem ljós var, hafa verið þesslegt, að hann hefði neytt áfengis.

Stefán Jónsson kveðst sjálfur hafa verið töluvert undir áhrifum áfengis, þegar atvikið gerðist, og er því lítið upp úr hans framburði leggjandi um ástand kærðs.

Fjórir lögregluþjónar hafa verið leiddir sem vitni um ástand kærðs. Áðurnefndur Pétur Kristinsson hefir borið, að hann hafi séð þess greinileg merki á kærðum, að hann væri undir áhrifum áfengis. Hafi augu hans verið sljó, gangur hans óstyrkur og mæli hans óeðlilegt og hálfdráandi.

Friðrik Jónsson lögregluþjónn, er flutti kærðan á Landspítalann, hefir borið, að hann hafi séð þess greinileg merki á kærðum, að hann hafi verið undir áhrifum áfengis. Hann hafi reikað í gangi, verið þvöglulegur í máli og andlit hans hafi verið óeðlilegt, eins og venjulegt sé á ölvuðum mönnum.

Haraldur Jensson lögregluþjónn, sem ásamt Friðrik flutti kærðan á Landspítalann, hefir borið, að sér hafi virzt af útliti augna kærðs og mæli hans, að hann væri undir áhrifum áfengis.

Þessir þrír lögregluþjónar hafa staðfest framburði sína með eiði.

Þá hefir vitnið Magnús Eggertsson lögregluþjónn, er talaði við kærðan á lögreglustöðinni, borið, að sér hafi virzt hann vera undir áhrifum áfengis.

Rannsókn á blóðsýnishorni því, er úr kærðum var tekið, leiddi í ljós, að áfengismagn í blóðinu var 2,22 af þúsundi. Með þessum árangri blóðrannsóknarinnar og hinum eiðfestu framburðum lögregluþjónanna verður talið fullsannað, að kærður hafi verið undir áhrifum áfengis við margnefndan bifreiðaakstur. Þá er með játningu kærðs, er kemur heim við framburð lögregluþjónsins, Péturs Kristinssonar, sannað, að kærður hefir ekið bifreiðinni, ljóslausri, enda þótt sá tími dags væri kominn, að skylt var að hafa ljós á bifreiðinni samkvæmt 43. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur.

Hinsvegar verður kærðum ekki gefið að sök, þó að hann ekki stöðvaði bifreiðina, þegar lögregluþjónninn gaf honum merki um það, þar sem ósannað er gegn neitun kærðs, að hann hafi orðið merkisins var.

Hefir því kærður að áliti réttarins gerzt brotlegur gegn 21. gr. sbr. 39. gr. áfengislaga nr. 33 9. janúar 1935, 5. gr.,

3. mgr., sbr. 14. gr. laga nr. 70 8. september 1931 um notkun bifreiða og 43. gr. sbr. 96. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur, og þykir refsing hans hæfilega ákveðin 200 króna sekt til ríkissjóðs, og komi einfalt fangelsi í 12 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa. Hann ber að svipta æfilangt leyfi til að stýra bifreið.

Hann greiði allan sakarkostnað.

Rekstur málsins hefir verið vitalaus.

Því dæmist rétt vera:

Kærður, Halldór Einarsson, greiði 200 króna sekt til ríkissjóðs, og komi einfalt fangelsi í 12 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa. Hann skal æfilangt sviptur leyfi til að stýra bifreið.

Hann greiði allan sakarkostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 3. marz 1939.

Nr. 75/1938. Borgarstjórinn í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs (Garðar Þorsteinsson)

gegn

Guðjóni Samúelssyni

(Jón Ásbjörnsson).

Bæjarsjóður sýknaður af kröfu um þóknun, er borgarstjóri hafði lofað án heimildar frá fjárveitingarvaldi bæjarins.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi hefir skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 8. júlí 1938. Krefst hann sýknu af kröfum stefnda í málinu og málskostnaðar fyrir báðum dómum eftir mati hæstaréttar. Stefndi krefst stað-